

# Kjaramál forstöðumanna

Steingrímur Ari Arason  
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

10. nóvember 2011


# Til upprifjunar

- 1. mars 2009 lækka FFR-laun um 5-15%.
- 30. nóv. 2010 falla lög um framlengingu launalækkunar úr gildi.
- 14. des. 2010 fær kjararáð greinargerð FFR.
- 28. júní 2011 ákvarðar kjararáð 4,9 % launahækkun, en frestar afstöðu til launalækkunarinnar frá 2009.
- 14. júlí 2011 leitar FFR til umboðsmanns Alþingis.
- 13. okt. 2011 óskar umboðsmaður eftir upplýsingum frá kjararáði.
- 1. des. 2011 verður lokið við endurmat á launum starfsmanna Stjórnarráðsins v/lækkunar 1. jan. 2010.


# Krafa FFR er að kjararáð fari að lögum

- Afturkalla átti launalækkunina frá 1. mars 2009 strax 1. des. 2010.
- Hækka átti FFR-laun m.t.t. launaþróunar viðmiðunarhópa og aukins álags eins fljótt og verða mátti.
- Hækka átti FFR-laun til að gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum sem kjararáð ákveður.
- Kjararáð á að virða reglur stjórnsluréttarins.


# Þróun verðlags, almennra launa og FFR-launa 2008-2011



# Kaupmáttur launa 2008-2011



# Kaupmáttur FFR-launa í samanburði við almenn laun 2008-2011



## Atriði sem umboðsmaður Alþingis vekur sérstaka athygli á:

- Verulegar takmarkanir eru á því að svipta megri menn rétti til að semja um starfskjör sín í formi launa skv. stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum.
- Í úrskurði kjararáðs frá í júní sl. segir að viðfangsefnið sé tvíþætt: (a) að taka afstöðu til þess hvort launalækkunin frá 2009 eigi að ganga til baka (b) að athuga mögulegar launabreytingar m.t.t. launaþróunar og innra samræmis. Hvoru tveggja er síðan slegið á frest.
- Hann telur að framlenging á “launafrystingunni” til 30. nóv. ’10 hafi ekki náð til félagsmanna FFR.

# Umboðsmaður Alþingis kallar eftir afstöðu kjararáðs.

1. Framlenging Alþingis á banni við endurskoðun launa.
2. Tímabundin launalækkun.
3. Vinnureglur FFR m.t.t. stjórnarsýsluréttarins.
4. Viðmiðunarhópar.
5. Tilvísun í launalækkun starfsmanna Stjórnarráðsins.
6. Innbyrðis samræmi í starfskjörum.
7. Aukið álag.
8. Frestun ákvörðunar um afturköllun launalækkunar.
9. Andmælaréttur.
10. Málshraði.
11. „Að svo stöddu“.
12. Heildarendurskoðun eininga.



# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 1. Framlenging banns við endurskoðun.

Gilti bann við endurskoðun FFR-launa einungis til 1. jan. '10 en ekki til 1. des. '10?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 1. Framlenging banns við endurskoðun.

Gilti bann við endurskoðun FFR-launa einungis til 1. jan. '10 en ekki til 1. des. '10?

## 2. Tímabundin launalækkun.

Bar kjararáði að eigin frumkvæði að taka nýja ákvörðun og afturkalla launalækkunina þegar lagaheimildin til hennar féll úr gildi 30. nóvember 2010?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 3. Afgreiðsla á erindi FFR.

Ber ráðinu að fylgja skráðum og óskráðum reglum stjórnarsýsluréttarins, s.s. hvað varðar málshraða, rannsókn máls, andmælarétt, svör við skriflegum erindum og rökstuðning?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 4. Viðmiðunarhópar.

Hver er afstaða kjararáðs til upplýsinga sem það hefur sjálft birt um þróun launa í þjóðfélaginu sem geta talist sambærileg FFR-launum m.t.t. starfa og ábyrgðar, sbr. yfirlit frá 18. febrúar 2011?

Á hvaða lagagrundvelli gat kjararáð úrskurðað í júní sl. eingöngu með tilvísun til lækkunar launa tiltekinna ríkisstarfsmanna með yfir 400 þús.kr. á mánuði?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 5. Tilvísun í launalækkun starfsmanna Stjórnarráðsins.

Hvert er viðhorf kjararáðs til þess mismunar sem FFR telur hafa verið í hlutfalli og tíma milli lækkana FFR-launa og launa stjórnarráðsstarfsmanna (sbr. 9,2% frá 1.3. '09 og 3,3% frá 1.1. '10)?

Hvernig er hægt að bera launalækkun sem að hluta má rekja til minni yfirvinnu saman við launalækkun sem á sér stað samhliða lengingu vinnutíma og auknum starfsskyldum?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 6. Innbyrðis samræmi í starfskjörum.

Hvernig hefur ráðið gætt innbyrðis samræmis í starfskjörum er varðar álag í starfi og greiðslum fyrir yfirvinnu sem því fylgir (sbr. úrskurði á þessu ári vegna dómara og frá árinu 2010 vegna þeirra sem felldir voru undir ráðið með lögum árið 2009)?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 7. Aukið álag.

Aflaði ráðið upplýsinga um breytingar á álagi í starfi hjá félagsmönnum FFR fyrir úrskurðinn 28. júní sl.?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 7. Aukið álag.

Aflaði ráðið upplýsinga um breytingar á álagi í starfi hjá félagsmönnum FFR fyrir úrskurðinn 28. júní sl.?

## 8. Frestun ákvörðunar um afturköllun launalækkunar.

Hvað upplýsingar fékk ráðið frá fjármálaráðuneytinu og hvaða gögn lágu til grundvallar þegar ráðið ákvað 28. júní sl. að launalækkunin frá 2009 skyldi „að svo stöddu ekki ganga til baka“?



# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 9. Andmælaréttur.

Hvernig samrýmist það stjórnsýslulögum að FFR var ekki gefinn kostur á að tjá sig um upplýsingar sem ráðið aflaði frá fjármálaráðuneytinu fyrir úrskurðinn 28. júní sl.?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 9. Andmælaréttur.

Hvernig samrýmist það stjórnsýslulögum að FFR var ekki gefinn kostur á að tjá sig um upplýsingar sem ráðið aflaði frá fjármálaráðuneytinu fyrir úrskurðinn 28. júní sl.?

## 10. Málshraði.

Hvers vegna hefur afgreiðslu á erindi FFR frá í des. 2010 ekki verið lokið?

Hafa tafir á afgreiðslunni verið tilkynntar FFR í samræmi við stjórnsýslulög?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 11. „Að svo stöddu“.

Hvað er átt við með að það sé „*niðurstaða ráðsins að lækkun launa þeirra sem undir ákvörðunarvald þess heyra og kom til framkvæmda á árinu 2009 skuli að svo stöddu ekki ganga til baka*“, sbr. úrskurð frá 28. júní sl.?

Hafa verið teknar einhverjar ákvarðanir um meðferð málsins að þessu leyti?

# Spurningar umboðsmanns til kjararáðs:

## 12. Heildarendurskoðun eininga.

Hafa verið teknar ákvarðanir í samræmi við úrskurði ráðsins frá í febrúar 2010 um að eðlilegt sé að endurskoða einingafjölda allra þeirra sem heyra undir ráðið eftir 1. desember 2010?

# Endir

Steingrímur Ari Arason  
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

10. nóvember 2011